

hafið veitt Ólafi hreppstjóra og dannebrogsmanni Jónssyni, leiguliða á Sveinsstöðum, jörð Þingeyra klausturs, 30 ríkisdali úr búnaðarsjóði amtsins, sem verðlaun fyrir mikinn skurð til vatnsveitinga, sem hann hefir látið grafa á ábúðarjörð sinni, sem að er Þjóðjörð.

Útaf þessu sè yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að eptir því, sem skýrt hefir verið frá málavöxtum, hefir stjórnarráðið ekki neitt á móti því, að verðlaun þessi hafa veitt verið.

1865.
10. júní.

36. Bréf dómsmálastjórnarinnar til konungsfulltrúa á alþingi, um löggilding almennra lagaboða á Íslandi, sem út komu í Danmörku á árunum 1863 og 1864.

10. júní.

Með bréfi þessu sendir dómsmálastjórnin yður, herra etazráð, sem konungsfulltrúa á alþingi, eitt exemplar af hverju almennu lagaboði m. m., sem út hefir komið í Danmörku á árunum 1863 og 1864, svo að alþingi gefist tækifæri til á næsta fundi að íhuga, hvort við eigi að löggilda nokkurt af lagaboðum þessum á Íslandi, og skal þess getið, að dómsmálastjórninni ekki finnst fyrir sitt leyti vera ástæða til, að minnsta kosti nú sem stendur, að leggja neitt af lagaboðum þessum fyrir þingið sem frumvarp, samkvæmt konungsúrskurði frá 4. janúarmán. 1861. Útaf því, sem sagt er í þegnlegu álitsskjali 1863 um það, hvort löggilda ætti nokkurt af lagaboðum þeim, sem út komu í konungsríkinu á árunum 1861 og 1862, skorar dómsmálastjórnin þaradæki á yður, herra etazráð, að leiða athygli alþingis að því, að konungsúrskurðurinn 4. janúarmán. 1861, sem fyr var nefndur, ber það með sèr, einsog það líka í sjálfu sèr er eðlilegt, að það einungis eru þau lagaboð, er stjórninni finnst eiga við að löggilda á Íslandi, sem leggja á fyrir alþingi í formi því, sem um er þrædt í konungsúrskurðinum, það er að segja eins og frumvarp til laga, en að það var tekið fram með berum orðum í bréfi dómsmálastjórnarinnar dags. 9. júnímán. 1863, að stjórnarráðinu hefði ekki fyrir sitt leyti

1865. fundizt ástæða til að leggja neitt af þeim lagaboðum fyrir þingið
10. júní. sem frumvarp.

12. júní. **37. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um hegningu Gísla Jónssonar frá Saurum.**

Í bréfi dags. 22. marzmán. þ. á. hafð þér, herra amtmáður, skýrt frá, að gjörðar hafi verið ýmsar tilraunir, samkvæmt bréfi stjórnarráðsins frá 1. júlímán. f. á., til að taka Gísla Jónsson á Saurum og flytja hann til Reykjavíkur, til þess að láta hann út taka það sem eptir stóð vatns og brauðs refsingarinnar, sem lögð var á hann með konungsúrskurði 26. júlímán. 1861, og að sendir hafi verið fjórir menn inn í Dali til þess að handsama hann, en að það hafi þó ekki tekizt. Þér hafð þaradæki spurt um, hvort þér megid eiga von á að fá endurgoldinn úr jafnaðarsjóðnum kostnað þann, sem sendiför þessara fjöggra manna hafði í för með sér, og þér hafð borgað fyrir fram, en það eru 19 rdl., svo framarlega sem hann ekki fæst af eignum Gísla Jónssonar.

Dómsmálastjórnin getur nú ekki dulizt þess, að henni þykir illa fallið, að það skuli enn þá ekki hafa tekizt að handsama Gísla Jónsson, og búumst vèr við, að þér, herra amtmáður, samkvæmt ádurnefndu bréfi dómsmálastjórnarinnar, munið beita hverju því meðali, sem kostur er á, til þess að láta handtaka hann og flytja til Reykjavíkur tafarlaust; en um fyrirspurn yðar um endurgjald fyrir það, sem þér hafð borgað úr eigin sjóði, eins og fyr er sagt, skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, að henni er svarað með jáyrði.